

Í fyrsta lagi ræður Vestasta-Rangagil (Merkjagil) þaðan sem það fellur í Kjarará upp á háfjall að landamerkjum Kvía í Þverárhlíð. Verður þá sá hluti afréttar í Þverárhlíðarhreppi, sem liggur milli gilsins og fjallgirðingar, þ.e. Reykholtsselland.

Í öðru lagi fylgir merkjalna leitamótum milli leitarflokka Þverhlíðinga og Hvítsíðinga. Ræður Litlaþverá frá Hrólfsvatnaskvísl að upptökum sínum í tjörn vestan Þverárvatna, og þaðan lína beint í Þverárvötn; þá lína úr Þverárvötnum austast, um Merkjavörðu á Hryggjum (norð)vestan Breiðavatns, þá norðan við Breiðavatn í suðurenda Nautavatns, þaðan í Staðarhól og þá í vesturenda Krókavatna.

Um ytri mörk þessa landsvæðis gildir „Landamerkjaskrá fyrir hinu sameiginlega af-réttarlandi“ o.s.frv.

Þær landspildur, sem upprekstrarfélagið á og hefur keypt undan einstökum jörðum, Fornahvammi og Króki í Borgarbyggð, Hermundarstöðum í Þverárhlíð og Gilsbakka í Hvítársíðu, tilheyra að sjálfsögðu viðkomandi sveitarfélögum. Þær liggja utan fyrrgreinds svæðis, en að því, hver í sínu lagi.

Ákvörðun þessi um mörk milli sveitarfélaga breytir í engu eignar- eða afnotarétti né öðrum réttindum og skyldum eins né neins, gagnvart umræddu landsvæði.

Gilsbakka, 13. nóvember 1996.

F.h. bæjarstjórnar Borgarbyggðar
Jón Þór Jónasson (sign.)

F.h. hreppsnefndar Þverárhlíðarhrepps
Guðrún Jónsdóttir (sign.)

F. h. hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps
Ólafur Guðmundsson (sign.)“

Auglýsing þessi skal öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. júlí 1999.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Miðás, svæðis B, Egilsstöðum, Austur-Héraði.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst nýtt deiliskipulag fyrir Miðás, svæði B, Egilsstöðum, Austur-Héraði.

Deiliskipulag þetta var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs 4. maí 1999 að undan-genginni lögboðinni tilkynningu.

Austur-Héraði, 28. júní 1999.

Björn Hafþór Guðmundsson
bæjarstjóri.

Þórhallur Pálsson,
forst.m. umhverfissviðs.